



Íslenska 102

Mánudaginn 4. desember
kl. 10:15 – 11:45

Nafn: _____

Kennitala: _____

Kennari: Anna María Auður/Sigrún Birna Gestur Guðlaug
 Sigrún Birna Valdís

Engin hjálpargögn leyfð!

Prófið er 10 blaðsíður með forsíðu. **Lestu öll fyrirmæli vandlega!**

Gangi þér vel og gleðileg jól!



I. hluti. Stafsetningarpróf

Gildir 20%

II. hluti. Uppspuni

Gildir 26%

1. (7%) Krossaspurningar

Svaraðu eftirfarandi krossaspurningum. Aðeins einn möguleiki kemur til greina í hverri spurningu.

1. **Rabbi telur**

- að konur séu eins og rauðvín, þær verði betri með aldrinum
- að karlar séu verðmætastir þegar þeir eru 29 ára eins og hann sjálfur
- að fólk lækki í verðgildi þegar það verður miðaldra og fer að tapa útlitinu
- óraunhæft að setja „verðmiða“ á fólk; allir séu í rauninni jafn mikilvægir

2. **Eiginmaðurinn í sögunni Kinnhestur reif ... af nýju kápunni**

- vasana
- tölurnar
- ermarnar
- kragann

3. **Eitt sinn var Ari úti á Faxaflóa að „draga ýsur“. Hvað getur „að draga ýsur“ þýtt annað en að veiða fisk?**

- Að láta reykin úr pípunni mynda hringlaga mynstur undir fullu tungli
- Að hrjóta
- Að draga upp myndir af hafmeyjum í móðuna sem myndast á gleri stýrishússins
- Að draga rangar ályktanir

4. **Þegar Rabbi sér konu sem er ekki búin að gera eitthvað fyrir hárið á sér þá fer hann ósjálfrátt að hugsa hvort hún sé**

- geðveik menntamanneskja eða hrokafull
- lesbía eða ógift piparkerling
- dópisti eða útigangskona
- útlendingur eða umhverfisverndarsinni

5. **Enginn héraðsbrestur: Það var eins og rynni af henni ... og ungu mennirnir spurðu hana hver hún væri.**

- vínandinn
- huliðshjálmur
- blóð, sviti og tár
- hinn torkennilegi sjúkdómur

6. Af hverju birtist mynd af Magnúsi Sveinssyni í Tímanum (dagblað)?

- Hann framdi vopnað rán og var stungið inn
- Hann opnaði pizzastað með Geltinum og Gyltunni
- Hann gaf út teiknimyndasögu
- Hann lést í dráttarvélaslysi

7. Bókin sem hlammaði sér niður í hausnum á stráknum í Pizza, pizza heitir

- Gróður jarðar
- Ísfólkið
- Goggurinn
- Bjargvætturinn í grasinu

2. Almennar spurningar


Svaraðu eftirfarandi spurningum á stuttan og hnitmiðaðan hátt.

1. (4%) Hvernig endaði líf hafmeyjunnar og af hverju spruttu umræður í þjóðfélaginu í kjölfarið? Hver var helsti munur á hafmeyjunni annars vegar og barnsmóður Ara hins vegar?

2. (2%) Hvers vegna fær Halli pizzusendill martraðir?

3. (2%) Hver er sögumaður í sögunni Vegir Guðs?

3. (11%) Krossgáta



Lárétt

3. Hver er besta stríðsmynd sem Halli hefur séð?
4. Nafnið á drengnum hans Ara
5. Á hvaða hljóðfæri átti Símon að leika samkvæmt ummælum hrekkjusvínanna?
7. Hvaða fuglar sitja í baðherbergisglugganum heima hjá Ara og éta úr lófa hafmeyjunnar?
9. Bróðir Halla leikur
10. Systir Símonar sem skrifaði bækur heitir...
11. Pabbi Rabba kennir ... í Háskólanum

Lóðrétt

1. Atvinnutæki mannsins í Kinnhesti
2. Hvaðan af landinu er konan í sögunni Enginn héraðsbrestur?
5. Pabbi Símonar heitir ...
6. Rabbi vinnur á ...
8. Ari býr í ...

III. hluti. Íslenska eitt

Gildir 54%

1. (6%) Krossaspurningar

Svaraðu eftirfarandi krossaspurningum. Aðeins einn möguleiki kemur til greina í hverri spurningu.

1. **Ferskeytla**

- er ávallt rímlaus
- hefur fjórar línur sem ríma á víxl
- skiptist í hringendu, stafhendu, samhendu, braghendu og afhendingu.
- er nýlegur og mjög óalgengur rímnaháttur

2. **Efnisgrein er m.a. afmörkuð**

- frá einum punkti til annars
- með greinaskilum
- með sögnum
- með lausn

3. **Hvernig eru ýkjur notaðar í sögum og ljóðum?**

- Þegar skáldið vísar á eitthvað sem gera má ráð fyrir að lesendur þekki
- Þegar eitthvað kemur í stað einhvers annars, táknað það
- Þegar eitthvað jákvætt er notað í neikvæðri merkingu
- Til að koma lesanda á óvart eða ýta við honum

2. (48%) Almennar spurningar

1. (5%) Í textagreiningu er mikilvægt að gera sér grein fyrir tíma í textanum. Taktu dæmi úr sögu í Uppspuna (að eigin vali) um það hvernig tíminn er afmarkaður í sögunni.

2. Lestu ljóðið eftir Pétur Gunnarsson og svaraðu svo eftirfarandi spurningum

Dagatal

það er ekkert sem heitir
mánudagur
sunnudagur
föstudagur
eða hvernig nú röðin er
það er alltaf sami dagurinn

sólin kemur upp
rauð einsog appelsína
breytist smátt og smátt í sítrónu
kastar geisla yfir sofandi jörð
sofandi þorp
sofandi borgir
á sofandi fólk

það er alltaf sami dagur
sama sól
sami himinn
sama jörð

a) (3%) Finndu eina myndhverfingu, eina persónugervingu og eina líkingu (viðlíkingu). Það verður að koma greinilega fram hvaða dæmi á við hvert hugtak.

b) (4%) Taktu dæmi um tvenns konar stílbrögð í ljóðinu.

3. (5%) Lestu ljóðið og gerðu svo grein fyrir rími í ljóðinu. Skilgreindu hvort þetta er karl- eða kvenrím. Gerðu hring utan um stuðla og höfuðstafi.

Við skulum ekki víla hót,

það varla léttir trega.

Og það er þó ávallt búningsbót

að bera sig karlmannlega.

4. (5%) Þegar fólk talar saman á msn, bloggar eða sendir sms þá er orðavalið oft æði skrautlegt. Lestu eftirfarandi blogg sem þessi Reykjavíkurstúlka skrifaði og færðu það til betri vegar.

GMG mér hlakkar ekki til bévítans prófanna!!! marr verður náttla að taka þessu en ér gegt á bömmur. Ér eikkað so mikið að fríka út og er audda orðin slatta stressuð.

5. Lestu eftirfarandi texta úr Íslenska draumnum eftir Guðmund Andra Thorsson og svaraðu svo spurningunum sem fylgja.

Fyrst þegar ég hitti Kjartan húkti hann í blikkandi ljósum upp við súlu á dimmum dansstað með háflukt augu og drafaði: Djöfull maður. Ég var sautján ára og þetta var á menntaskólaballi síðla vetrar, kannski var komin einhvers konar vorleysa - sennilega apríl. Yfirleitt var það hending ef ég hitti einhvern á þessum samkomum. Þetta voru ár hins volga bakkardíkóks og ég svolgraði það með Palla og Agli fyrir utan dansskemmtunina, hrundi svo einhvers staðar inn í röðina, fór inn og týndi úlpunni í fatahenginu og lét glaða menn í bolum þukla mig í leit að brennivíni, fór inn í sal þar sem ég sá ekki HANA, hver sem hún var hverju sinni, fór inn á klósett og móðgaði formann skólafélagsins, bauð ritstjóra skólablaðsins ljóð og stíflaði vask. Fór svo fram og sá HANA, hugsaði djöfull maður og stíflaði annan vask, gleymdi mér svo. Vaknaði svo við bankið á klósetthurðina og ákveðna rödd sem sagði að ballið væri búið vinur. Fór síðan heim með bakkardíspýju í munnum og endurnýjaði hana morguninn eftir. Ég var einn sá alhressasti.

Ég var sautján ára og mér fannst ég vera lúðulaki. Ég var í fyrsta bekk. Ég var væskill. Ég var með bólur. Andlitið á mér var hrjóstrugra en vestfjarðakjálkinn. Þegar ég talaði kom brak. Hárið á mér var eins og hrakið hey hefði fokið oná hausinn á mér, blotnað þar og orðið eftir. Það var á litinn eins og kæfa. Ég kunni ekki að gyrða mig almennilega. Ég kunni ekki að hneppa að mér skyrtturnar almennilega. Ég kunni ekki að greiða mér almennilega, heldur tosaði bara eitthvað í heyið með þumli og vísifingri. Ég var andfúll. Ég lét braka í puttunum. Ég nagaði á mér neglurnar - ég reif af mér tãneglurnar og stakk þeim upp í mig þegar þær voru búnar að rífa gat á mislita sokkana. Ég var naglbítur - þeir kölluðu mig froskinn.

a) (2%) Strákurinn í þessari frásögn

- hittir mjög sjaldan einhvern á böllum
- hittir oft skemmtilegar stelpur á skólaböllum
- fer nánast aldrei á skólaböll
- mælir sér gjarnan mót við vini sína á skólaböllum

b) (2%) Sögumaður í þessari frásögn

- er alvitur
- er hlutlægur skrásetjari
- er höfundur sögunnar
- talar í 1. persónu

c) (2%) Persónan í sögunni líkir sér við naglbít

- því hann er svo ömurlegur og hallærislegur að eigin álit
- því hann er bara fullur væskill sem tekst aldrei að eignast kærustu
- því hann er alltaf að stífla vaska
- því hann nagar á sér neglurnar

d) (2%) Hvað merkir að vera lúðulaki?

- Mikið fyrir áfenga drykki
- Feiminn og óframfærinn gagnvart hinu kyninu
- Ræfill og kauði í klæðaburði - hallærislegur
- Rosalega hress náungi

e) (2%) „Andlitið á mér var hrjóstrugra en vestfjarðakjálkinn. Þegar ég talaði kom brak. Hárið á mér var eins og hrakið hey hefði fokið oná hausinn á mér, blotnað þar og orðið eftir. Það var á litinn eins og kæfa.“

Þessi texti einkennist af

- myndrænum lýsingum
- myndnum þversögnum
- þunglyndislegum vísunum
- táknum

f) (2%) Ég kunn ekki að gyrða mig almennilega.

Undirstrikuðu orðin eru (í réttri röð)

- atviksorð - fornafn - lýsingarorð
- sagnorð - lýsingarorð - atviksorð
- atviksorð - sagnorð - fornafn
- forsetning - sagnorð - fornafn

g) (4%) Finndu lýsingarorð og nafnorð í textanum og sambeygðu þau í öllum föllum og báðum tölum.

Eintala	Dæmi		
nf.	týnd úlpa		
þf.	týnda úlpu		
þgf.	týndri úlpu		
ef.	o.sv.frv.		
Fleirtala			
nf.			
þf.			
þgf.			
ef.			

h) (4%) Finndu samheiti við eftirfarandi orð úr textanum hér að ofan. Orðin eru undirstrikuð í textanum.

spýja	
hrakið (hey)	
væskill	
hrjóstrugt	

i) (6%) „Þetta voru ár hins volga bakkardíkóks og ég svolgraði það með Palla og Agli fyrir utan dansskemmtunina, hrundi svo einhvers staðar inn í röðina, fór inn og týndi úlpunni í fatahenginu og lét glaða menn í bolum þukla mig í leit að brennivíni, fór inn í sal þar sem ég sá ekki HANA, hver sem hún var hverju sinni, fór inn á klósett og móðgaði formann skólafélagsins, bauð ritstjóra skólablaðsins ljód og stíflaði vask.“

Finndu viðeigandi orð í textanum hér að ofan og skrifaðu þau á línurnar. Þú átt að finna eitt orð fyrir hvern lið.

Dæmi:	
sagnorð	voru

Persónufornafn í 3. persónu	
Óákveðið fornafn	
Atviksorð	
Ákveðinn greini	
Forsetningu sem stýrir þolfalli	
Nafnorð í þgf.	